

## D Ó M U R

**Héraðsdóms Reykjavíkur 15. maí 2013 í máli nr. E-3089/2012:**

**Hótel Húsavík ehf.**

*(Elisabet Guðbjörnsdóttir hdl.)*

**gegn**

**Landsbankinn hf.**

*(Gunnar Viðar hdl.)*

Mál þetta er höfðað með stefnu þingfestri 25. september 2012 og dómtekið 22. apríl 2013 að lokinni aðalmeðferð. Stefnandi er Hótel Húsavík ehf., Ketilsbraut 22, Húsavík. Stefndi er Landsbankinn hf., Austurstræti 11, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði, aðallega, dæmdur til að greiða stefnanda 81.559.720 krónur með vöxtum samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 20. júlí 2010 til þingfestingardags. Jafnframt „að kröfufjárhæðin beri vexti frá 20. júlí 2010 samkvæmt kjörvaxtaflokki 1 hjá stefnda og sé verðtryggð með grunnvísitölu í júlí 2010, 365,3 stig, til greiðsludags“. Til vara krefst stefnandi þess að stefndi greiði sömu fjárhæð með vöxtum samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 frá 20. júlí 2010 til þingfestingardags, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Stefnandi krefst einnig málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda, en til vara lækkunar. Hann krefst einnig málskostnaðar.

*Málsatvik*

Málsatvik eru í meginatriðum ágreiningslaus.

Stefnandi og stefndi gerðu með sér fjóra lánessamninga á árunum 2006 til 2007 að heildarfjárhæð 205 milljónir íslenskra króna sem hér segir:

1. Lánessamningur 6. janúar 2006 nr. 4884 að fjárhæð 130 milljónir króna:  
Samkvæmt gr. 2.1 samningsins skyldi greiða lánið að fullu á næstu fimm árum með

60 afborgunum þannig að á fyrstu 59 afborgunargjalddögum, hverjum um sig, átti að greiðast 1/180 hluti lánsfjárhæðarinnar og á lokagjalddaga, 20. janúar 2011, átti að greiðast 121/180 hluti lánsfjárhæðarinnar. Í gr. 4.1 samningsins var að finna heimild til að myntbreyta samningnum yfir í aðrar myntir. Að ósk stefnanda var lánsamningnum myntbreytt í eftirfarandi myntir og hlutföll 21. apríl 2006: kanadadalir 15%, evrur 30%, japönsk jen 20% og svissneskir frankar 35%. Hinn 20. mars 2007 var kanadadölum og evrum breytt í japönsk jen.

2. Lánsamningur 6. janúar 2006 nr. 4887 að fjárhæð 30 milljónir: Samkvæmt gr. 2.1 samningsins skyldi lánið greiðast að fullu á næstu fimm árum með 60 afborgunum, þannig að á fyrstu 59 afborgunardögum, hverjum um sig, átti að greiðast 1/180 hluti lánsfjárhæðarinnar og á lokagjalddaga hinn 20. janúar 2011 áttu að greiðast 121/180 hluti lánsfjárhæðarinnar. Í gr. 4.1 samningsins var að finna heimild til að myntbreyta samningnum yfir í aðrar myntir. Að ósk stefnanda var samningnum myntbreytt í eftirfarandi myntir 24. apríl 2006: kanadadalir 15%, evrur 30%, japönsk jen 20% og svissneskir frankar 35%. Hinn 20. mars 2007 var kanadadölum og evrum breytt í japönsk jen.

3. Lánsamningur 15. maí 2006 nr. 9465 að fjárhæð 30 milljónir króna: Samkvæmt gr. 2.1 bar stefnanda að greiða lánið að fullu á næstu fimmtán árum með 180 jöfnum afborgunum á eins mánaðar fresti. Í gr. 4.1 var að finna heimild til að myntbreyta samningnum yfir í aðrar myntir. Að ósk stefnanda var lánsamningnum myntbreytt í 75% japönsk jen og 25% svissneska franka 18. september 2007. Samhliða myntbreytingunni var lánstími samningsins stytur úr 15 árum í 5 ár.

4. Lánsamningur 22. janúar 2007 nr. 6718 að fjárhæð 15 milljónir króna: Lánsamningurinn var um „fjölmyntalán“ í eftirfarandi myntum og hlutföllum: svissneskir frankar 35%, japönsk jen 35%, evrur 15% og bandaríkjadalir 15%. Samkvæmt gr. 2.1 bar stefnanda að greiða lánið að fullu á næstu fimmtán árum með 180 jöfnum afborgunum á eins mánaðar fresti. Stefnandi óskaði eftir að lánið yrði greitt til hans 24. janúar 2007. Hinn 20. mars 2007 var kanadölum og evrum breytt í japönsk jen að beiðni stefnanda.

Í öllum framangreindum samningum var kveðið á um vexti sem skyldu vera breytilegir og jafnháir LIBOR vöxtum í samræmi við lengd vaxtatímabils hverju sinni auk 3% vaxtaálags. Vextir skyldu greiðast mánaðarlega út lánstímann, en stefnanda var heimilað að stytta lánstímann samkvæmt nánar tilgreindum skilmálum. Í samningnum var kveðið á um heimild stefnda til að breyta vaxtaálagi að undangenginni tilkynningu. Þá sagði að notfærði lántaki sér heimild til myntbreytingar í íslenskar krónur skyldi miðað við REIBOR-vexti auk vaxtaálags sem aðilar yrðu ásáttir um. Í samningnum kom einnig fram að lánið skyldi bundið vísitölu neysliverðs ef um væri að ræða lán í íslenskum krónum. Ágreiningslaust er að framangreind lán fólu í sér ólögmeða gengistryggingu láns í íslenskum krónum.

Samkvæmt stefnu hætti stefnandi að greiða af framangreindum samningum 20. júní 2008. Stefnandi telur hins vegar að stefnanda hafi borið að ráðstafa greiðslum af tilteknum reikningi sem settur hafði verið stefnda að handveði til tryggingar skulda hans við stefnda. Skilmálum lánessamningana var breytt 3. apríl 2009 og enn á ný 30. júní 2009. Í viðaukunum 3. apríl 2009 voru vanskil stefnanda tilgreind og kveðið á um að þau yrðu greidd upp við undirritun. Einnig var kveðið á um breyttan lánstíma og að næsti gjalddagi afborgana samkvæmt breyttum skilmálum yrði 20. júní 2009. Í viðaukunum 30. júní 2009 var hins vegar kveðið á um breytingar á endurgreiðsluferli og vaxtaálagi samningsins.

Hinn 13. september 2010 gerðu aðilar nýjan lánessamning að fjárhæð 296 milljónir til 25 ára með fyrsta gjalddaga 20. sama mánaðar. Í útborgunarbeiðni, dagsettri sama dag, kemur fram að útborgunarfjárhæðinni eigi að ráðstafa til uppgreiðslu þeirra lána sem áður eru rakín, auk uppgreiðslu á tilteknum veltureikningi, og skuli uppgreiðsla miðast við 20. júlí 2010. Í stefnu segir að sá hluti lánsins sem ráðstafað hafi verið til uppgreiðslu umræddra lána hafi numið 273.166.790 krónum. Tekið er fram í útborgunarbeiðninni að greiðslan sé með fyrirvara um endurkröfu vegna ólögmatrar gengistryggingar samninganna. Samkvæmt stefnu var samningurinn niðurstaða viðræðna stefnanda við stefnda og byggður á svokallaðri 25% leið, þ.e. að stefndi lækkaði kröfur sínar samkvæmt framangreindum lánasamningum um 25%.

Með bréfi 10. október 2011 tilkynnti stefndi stefnanda að framangreindir fjórir lánessamningar féllu undir ákvæði laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Fylgdi bréfinu endurútreikningur miðað við þær forsendur að lánin hefðu borið vexti samkvæmt 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001 frá lánþökudegi. Samkvæmt endurútreikningi stefnda átti stefnandi inneign hjá stefnda samanlagt að fjárhæð 34.952.487 krónur vegna lánessamninga nr. 4884, 6718 og 9465. Stefnandi stóð hins vegar í skuld við stefnda vegna lánssamnings nr. 4887 að fjárhæð 791.404 krónur. Inneign stefnanda eftir endurútreikninginn var því talin 34.161.084 krónur. Við útgreiðslu fékk stefnandi þó greiddar 35.743.892 krónur. Segir í stefnu að í stað þess að áður nefndum 791.404 krónum hafi verið skuldajafnað við inneign stefnanda hafi fjárhæðin verið greidd honum. Stefnandi hafi því fengið 1.582.808 krónur umfram það sem honum bar.

Í kjölfar dóms Hæstaréttar Íslands 15. febrúar 2012 í málinu nr. 600/2011 taldi stefnandi að ekki hefði verið rétt staðið að endurútreikningi lánasamninga sinna og höfðaði loks mál þetta.

Ekki var um munnlegar skýrslur að ræða við aðalmeðferð málsins.

### *Málsástæður stefnanda*

Stefnandi vísar til fyrrgreinds fordæmis Hæstaréttar og byggir aðallega á því að ekki hafi verið heimilt að breyta með afturvirkum hætti þeim vaxtakjörum sem giltu samkvæmt hinum umþrættu samningum, sbr. meðal annars af ákvæði 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og meginreglum kröfu- og samningaréttar. Forsendur réttarins í fyrrgreindu máli eigi við um stefnanda þessa

máls. Stefnandi hafi verið í góðri trú um lögmæti skuldbindingar sinnar og talið greiðslur fela í sér fullar og réttar efndir. Skuldbindingar stefnanda hafi verið til langs tíma eða 5-15 ára, fjárhæð ofgreiðslu af upphaflegum höfuðstól hafi verið veruleg, eða 40% af upphaflegum höfuðstól, og stefnandi hafi ávallt staðið í skilum með greiðslur af hinum umþrættu samningum. Stefndi hafi á gjalddögum skuldfært nánar tilgreinda reikninga í eigu stefnanda fyrir greiðslu höfuðstóls og vaxta og ávallt hafi verið næg innistæða til greiðslu á gjalddögum.

Jafnframt er á því byggt að stefndi sé fjármálafyrirtæki sem samið hafi alla skilmála samninganna einhliða og því sé rétt að stefndi beri áhættuna af hinum ólögmætu ákvæðum og þeim vaxtamun sem af þeim ákvæðum hlaust. Sú háttsemi stefnda að bjóða viðskiptamönnum sínum upp á lán, sem innihéldu skilmála sem starfsmenn stefnda vissu eða máttu vita um að væru ólögmætir, stangist í öllum aðalatriðum á við 1. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, þar sem segi að fjármálafyrirtæki skuli starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði. Því standi það stefnda nær að bera vaxtamun þann sem af hinum ólögmæta skilmála hlýst.

Séu lánasamningar aðila reiknaðir með þeim hætti að miða við að fullnaðaruppgjör vaxta hafi farið fram með greiðslu á gjalddögum og verði ekki leiðrétt nema til framtíðar sé ljóst að stefnandi ofgreiddi, miðað við uppgjör dagsett 20. júlí 2010, samtals 118.184.112 krónur sem skiptist þannig:

Vegna samnings nr. 4884	70.980.226 kr.
Vegna samnings nr. 4887	11.023.188 kr.
Vegna samnings nr. 6718	10.904.024 kr.
<u>Vegna samnings nr. 9465</u>	<u>25.276.634 kr.</u>
Samtals	118.184.112 kr.
<u>Fráðregin endurgreiðsla</u>	<u>-35.743.892 kr.</u>
Samtals ofgreitt	82.440.220 kr.

Aðalkröfu sína byggir stefnandi á meginreglum kröfu og samningaréttar auk 18. gr. laga nr. 38/2001. Fjárhæð kröfunnar byggist á því að fullnaðaruppgjör vaxta hafi þegar farið fram og því verði ekki breytt. Því sé fjárhæð upphaflegs höfuðstóls hvers samnings dregin frá heildargreiðslum stefnanda inn á höfuðstól samninganna og myndi samtala þessara fjögurra fjárhæða, að fráðreginni endurgreiðslu bankans, endanlega kröfufjárhæð.

Stefnandi lítur svo á að vextir og verðbætur af þeim hluta lánasamnings nr. 0106-74-14784 sem hann hafi ofgreitt séu hluti ofgreiðslunnar og stefndi megi ekki hagnast á því að hafa oftekið fé af stefnanda og því beri, auk vaxta skv. 4. gr. laga nr. 38/2001, að reikna vexti og verðbætur á hina ofteknu fjárhæð á sama hátt og samningur nr. 14784 kveður á um. Með vísan til þess að um sé að ræða óréttmæta auðgun stefnda standi öll rök til þess stefndi endurgreiði stefnanda þá fjarhæð sem hann þannig hefur innheimt, með vöxtum skv. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu

nr. 38/2001. Verði ekki fallist á aðalkröfu stefnanda krefst hann þess að sú fjárhæð sem hann ofgreiddi beri vexti frá uppgjörstæði hinna umþrættu samninga.

### *Málsástæður og lagarök stefnda*

Stefndi reisir sýknukröfu sína aðallega á því að samkvæmt fordæmum Hæstaréttar skuli lán, með ólögmeta gengistryggingu, bera vexti samkvæmt 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001 allt frá upphafsdegi þess en ekki umsamda vexti. Stefndi vísar einnig í þessu sambandi til reglna um brostnar forsendur og 1. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa. Stefndi hafnar því að víkja beri frá þessari reglu með vísan til sjónarmiða um fullnaðarkvittanir. Sú regla eigi einungis við þegar lánveitandi endurkrefji skuldara. Hér sé hins vegar um það að ræða að skuldarinn endurkrefji lánveitandann um endurgreiðslu ofgreidds fjár. Sá dómur Hæstaréttar sem stefnandi vísi til eigi því ekki við í málinu.

Stefnandi rökstyður einnig að reglan um fullnaðarkvittanir eigi ekki við í málinu samkvæmt efni sínu, en túlka verði allar undantekningar frá meginreglunni um endurgreiðslu ofgreidds fjár þröngt. Stefndi byggir þannig í fyrsta lagi á því að stefnandi geti ekki talist hafa verið í góðri trú um að greiðslur hans af lánunum væru fullnaðargreiðslur þegar hann innti þær af hendi. Stefnanda hafi ekki getað dulist við myntbreytingarnar að forsenda fyrir því að hann væri að greiða svo lága vexti sem raun ber vitni væri sú að hann tæki á sig gengisáhættu. Öll samskipti aðila hafi byggst á þessari grundvallarforsendu og beri gögn málsins vitni um að fyrirvarsmaður stefnanda hafi verið meðvitaður um að vaxtakjör væru háð gengi erlendra gjaldmiðla.

Stefndi byggir í öðru lagi á því að það hafi staðið stefnanda nær en stefnda að bera hallann af því að greiðslur reyndust vera of lágar í sumum tilvikum. Í því samhengi skipti engu máli hvor aðilanna framkvæmdi þá útreikninga sem greiðslurnar byggðust á. Stefndi vísar þessu til stuðnings til framangreindrar vitneskju stefnanda um vaxtakjör og myntbreytingar sem gerðar voru að beiðni stefnanda. Hann rekur einnig í þessu sambandi að umrædd vaxtakjör hafi verið ákvörðunarástæða fyrir stefnanda við lánveitinguna til stefnanda og honum mátt vera þetta ljóst.

Stefndi vísar til þess, í þriðja lagi, að ekki hafi verið festa í endurgreiðslu lánsamninganna. Lánin hafi verið tekin á árunum 2006 og 2007 og stefnandi því aðeins greitt af lánunum í skamman tíma áður en hann hætti að greiða af þeim í júní 2008. Einnig er bent á að lánsamningnum hafi verið myntbreytt á þessu tímabili 2006-2007 og þar með hafi allar forsendur afborgana breyst. Stefnandi hafi ekki staðið í skilum við gerðar skuldbindingar og aðilar gert með sér samkomulag um skilmálabreytingar.

Stefnandi vísar til skilmálabreytinga á umræddum lánum. Með síðari skilmálabreytingunum hafi greiðsluskilmálum verið breytt á þann veg að á

tímabilinu 20. júní 2009 til 20. maí 2010 hafi stefnandi átt að greiða fastar mánaðarlegar greiðslur af lánessamningunum án þess að tilgreint væri hvernig skipta ætti fjárhæðinni á milli vaxtagreiðslna annars vegar og afborgana höfuðstóls hins vegar. Frá og með 20. júní 2010 hafi stefnandi svo átt að hefja aftur að greiða af lánessamningunum í samræmi við skilmála þeirra. Stefnandi hafi ekki greitt umsamdar afborganir og samningarnir ekki verið greiddir upp fyrir en 20. júlí 2010.

Stefndi telur engan aðstöðumunur hafa verið á milli aðila. Forsvarsmaður stefnanda sé lögfræðingur og rekstrarhagfræðingur að mennt og hafi mikla reynslu af alþjóðlegum viðskiptum og gengismálum. Stefnandi vísar þessu til stuðnings til nánar tiltekinnar atvika við myntbreytingar lána sem hann telur sýna sérþekkingu stefnanda í þessu efni. Þá hafnar stefndi því að krafa stefnda geti valdið röskun á fjárhagslegri stöðu stefnanda. Greiðsla lánanna 20. júlí 2010 hafi verið með fyrirvara um endurkröfu vegna ólögsmætrar gengistryggingar. Eftir dóm Hæstaréttar hafi stefndi svo brugðist við og endurreiknað skuldir stefnanda. Stefnandi bendir á að í tilviki eins samnings hafi stefndi átt viðbótarkröfu gegn stefnanda en í tilviki annars samnings hafi viðbótarkrafa stefnanda aðeins numið 738.071 krónu eða 2,4% af upphaflegum höfuðstól, miðað við 20. júlí 2010 sem er sá dagur sem vextir á lánessamningi nr. 14784 reiknast frá (dskj. nr. 27). Sé ótvírætt að sú leiðrétting sem hafi farið fram gagnvart stefnanda geti ekki á nokkurn hátt talist hafa í för með sér röskun á fjárhagslegri stöðu hans.

Telji dómari að miða eigi þessa útreikninga við stöðuna áður en uppgreiðsla lánessamninganna för fram byggir stefndi á því að slíkur mælikvarði sé ekki tækur í máli þessu. Stefnandi vísar til þess að lánessamningarnir voru allir í langvarandi vanskilum eftir 20. júní 2008 og þær greiðslur sem bárust frá stefnanda á þeim tíma voru ýmist innborganir sem tóku mið af greiðslugetu hans hverju sinni eða byggðust á sérstökum úrræðum. Á tímabilinu 22. júní 2009 til 20. maí 2010 hafi stefnandi þannig greitt fasta krónutölu án þess að tilgreint væri hvernig greiðslur skiptust á milli höfuðstóls og vaxta. Verði því að finna annan mælikvarða til að meta hvort um viðbótarkröfu í málinu sé að ræða eða ekki.

Stefndi mótmælir því að það að bjóða viðskiptamönnum sínum upp á lán sem innihéldu skilmála um ólögsmæta gengistryggingu hafi brotið gegn fyrrnefndri 1. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002 og því standi það stefnda nær að bera vaxtamun sem leiði af ólögsmætinu. Vísar stefndi til þess að hér sé vísað til háttsemi starfsmanna LBI hf. sem sé annar og sjálfstæður lögaðili. Þá hafi stefndi ekki haft neinn sérstakan hag af gengistryggingu með hliðsjón af því að hann gat lánað út í erlendri mynt.

Stefndi telur að stefnandi geri kröfu um að stefndi greiði sér tiltekna fjárhæð með tvöföldum vöxtum, þ.e. annars vegar samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 frá 20. júlí 2010 til þingfestingardags, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags, en hins vegar samkvæmt kjörvaxtaflokki 1 hjá stefnda og vísitölu neysluverðs. Stefnandi telur ekki fyllilega ljóst hvort krafan um verðtryggingu kröfufjárhæðarinnar leiði til þess að vextirnir skv. 4. gr. 1. nr. 38/2001 reiknist einnig af uppreiknuðum höfuðstól hverju sinni eða hvort stefnandi geri ráð fyrir að vextirnir séu reiknaðir af tveimur mismunandi höfuðstólum. Stefnandi hafnar hins vegar með öllu að sjónarmið um óréttmæta auðgun geti leitt til þess að stefnandi eigi rétt til tvöfaldrar vaxta í ljósi þess að uppgreiðsla lánessamninganna var fjármögnuð með nýju láni frá stefnda. Vextir af fjárkröfum

eigi að bæta kröfuhafa það tjón sem hann verður fyrir við það að geta ekki ávaxtað fjármuni sína. Þar sem stefnandi hafi tekið lán til að greiða lánin upp sé ljóst að hann hafi ekki tapað neinni ávöxtun á fé sitt. Vaxtakrafa stefnanda feli í sér að hann nái fram óréttmætri auðgun, verði á hana fallist.

Stefndi styður kröfu sína um lækkun þeim rökum að líta beri svo á að stefnandi hafi einungis fullnaðarkvittun í höndum til 20. júní 2008 og geti stefnandi ekki borið fyrir sig sjónarmið um fullnaðarkvittanir eftir það tímamark. Stefnandi áréttar í þessu sambandi að í útreikningi hans um lækkun sé litið svo á að vextir hafi verið greiddir að fullu fyrir 20. júní 2008 þótt þeir hafi verið lægri en vextir samkvæmt 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001. Kvittanir eftir langvarandi vanskil geti ekki haft þau áhrif að ýta til hliðar meginreglu kröfuréttar um endurgreiðslu ofgreidds fjár. Ekki getur talist sama festa í framkvæmd þegar losarabragur er á því hvenær lántaki greiðir af láni sínu. Er þess því krafist að dómkrafa stefnanda verði aldrei hærri en 58.809.238 krónur.

Stefndi mótmælir kröfu stefnanda um dráttarvexti frá fyrri tíma en dómsuppsögudegi og vísar því til stuðnings til 18. gr. laga nr. 38/2001 sem kveði á um að nota skuli vexti skv. 1. málslíð 4. gr. laganna við endurreikning lánsamninga. Hér sé um að ræða sérákvæði sem gengur frammar almennu ákvæði 5. gr. sömu laga.

### *Niðurstaða*

Í máli þessu liggur fyrir að þau fjögur lán, sem áður hefur verið gerð grein fyrir, fólu í sér gengistryggingu sem braut gegn ákvæðum 13. og 14. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu samkvæmt ítrekuðum fordæmum Hæstaréttar Íslands. Með vísan til umræddra fordæma, sbr. einnig 1. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001 eins og málsgreininni var breytt með 1. gr. laga nr. 151/2010, bar við þessar aðstæður að líta með öllu fram hjá ólögætum ákvæðum samninga um vaxtahæð og verðtryggingu og miða samningsvexti þess í stað við þá vexti sem Seðlabanki Íslands ákveður, með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum samkvæmt 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001, og birtir eru samkvæmt 10. gr. laganna. Er í málinu ágreiningslaust að stefnandi eigi enga frekari endurgreiðslukröfu gegn stefnda ef lánin eru endurreiknuð á þessum grundvelli frá upphafi lánstímans til þess tíma sem þau voru greidd upp að fullu hinn 20. júlí 2010. Ef á hinn bóginn er við það miðað að óheimilt sé að endurreikna vexti lánsins með vísan til þess að stefnandi teljist að fullu hafa lokið greiðslu samningsvaxta á lánstímanum, er ekki um það deilt að stefnandi eigi kröfu til frekari endurgreiðslu úr hendi stefnda sem nemur stefnufjárhæð. Snýst efnislegur ágreiningur aðila samkvæmt þessu einkum um það hvort stefnda sé heimilt að endurreikna samningsvexti lánanna frá upphafi eða hvort reglur um fullnaðarkvittanir standi slíkri kröfugerð fyrir dyrum að hluta eða í heild.

A

Af dómum Hæstaréttar 15. febrúar 2012 í máli nr. 600/2011 og 18. október 2012 í máli nr. 464/2012 verður dregin ályktun um að einungis við sérstakar aðstæður verði tilkalli kröfuhafa um viðbótargreiðslu vegna ofgreidds fjár hafnað með vísan til reglna um fullnaðarkvittanir. Svo að téð undantekningarregla eigi við verður þannig að liggja fyrir að skuldari hafi með réttu mátt treysta því að greiðsla hans væri fullnaðargreiðsla og krafa um viðbótargreiðslu feli í sér umtalsverða röskun á fjárhagslegum hagsmunum hans. Er þannig ljóst að reglan um fullnaðarkvittanir miðar fyrst og fremst að því að vernda skuldara, sem réttilega hefur efnt skuldbindingu sína samkvæmt greiðslufyrirmælum kröfuhafa, gagnvart viðbótarkröfum þess síðarnefnda. Hér verður þó að hafa í huga að samkvæmt fyrrgreindum dómi Hæstaréttar 18. október 2012 er óheimilt að taka tillit til þess hvort skuldari á sjálfur viðbótarkröfu gegn kröfuhafa vegna ofgreidds höfuðstóls. Verður þannig að meta endurgreiðslukröfu stefnda gegn stefnanda vegna vaxta án tillits til þeirrar endurgreiðslu sem stefnandi kann að eiga rétt á vegna of hárra greiðslna af höfuðstóli.

Af forsendum fyrrgreindra hæstaréttardóma er ljóst að við mat á þeirri röskun sem endurgreiðsla hefur í för með sér fyrir skuldara ber að hafa í huga lengd þeirrar skuldbindingar sem um er að ræða og hversu stór hluti hennar hefur þegar verið efndur. Við mat á væntingum skuldara ber að líta til stöðu hans gagnvart lánveitanda svo og annarra atvika við samningsgerðina og framkvæmd samnings. Ber að meta öll þessi atriði heildstætt þegar skorið er úr um hvorum aðila samnings það standi nær að bera það tjón sem leiðir af muni á þegar greiddum samningsvöxtum og fyrrgreindum vöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands.

Að mati dómsins eru atvik málsins að meginstefnu sambærileg þeim sem skorið var úr í framangreindum dómum. Samkvæmt þessu verður ekki fallist á þá málsástæðu stefnda að reglur um fullnaðarkvittanir eigi einungis við þegar lánveitandi krefur skuldara um viðbótargreiðslur. Veltur úrlausn málsins samkvæmt þessu á því hvornig hvornig framangreind viðmið fordæmisréttar horfa við sakarefni málsins.

B

Samkvæmt gögnum málsins hætti stefnandi að greiða af fyrrgreindum lánum 20. júní 2008. Af hálfu stefnanda er á því byggt að þessi vanskil stefnanda hafi verið á ábyrgð stefnanda málsins þar sem hann hafi átt handveð í tilteknum bankareikningi stefnanda og verið heimilt að skuldfæra afborganir lánanna á reikninginn. Í málinu hafa hins vegar ekki verið lögð fram gögn um að nægt fé hafi verið lagt inn á umræddan reikning til að fullnægja þeim skuldbindingum stefnanda við stefnda, sem vísað er til í veðsamningnum, eða með öðrum hætti gert líklegt að stefndi hafi brotið gegn trúnaðarskyldum sínum við ráðstöfun þess fjár sem var á hinum veðsetta reikningi. Í samræmi við almennar reglur ber skuldari sönnunarbyrðina fyrir því að hann hafi greitt kröfu með fullnægjandi hætti, en eins og atvikum málsins er háttað eru engin efni til þess að víkja frá þessari meginreglu. Ber stefnandi því hallann af skorti á sönnum um þetta atriði. Verður þar af leiðandi að leggja til grundvallar að lán stefnanda hafi verið í vanskilum frá og með 20. júní 2008.

Samkvæmt framangreindu er hvorki hægt að fallast á að stefnandi hafi í höndum fullnaðarkvittanir vegna afborgana téðra lána til 20. júní 2008 né að stöðu hans verði jafnað til þess að hann hafi fengið í hendur slíkar kvittanir. Þvert á móti verður að miða við að umrædd lán hafi verið vanskilum þar til þeim var skuldbreytt á árinu 2009 og þau loks greidd upp með nýju láni með uppgreiðsludegi 20. júlí 2010. Einkennust lögskipti aðila eftir 20. júní 2008 því af ítrekuðum vanskilum stefnanda svo og viðræðum aðila og samningum um uppgjör þessara vanskila. Skortir því bersýnilega á að fullnægt sé skilyrðum samkvæmt fyrrgreindum fordæmum Hæstaréttar til þess að víkja frá meginreglunni um endurgreiðslu ofgreidds fjár á grundvelli fullnaðarkvittana eða sambærilegra atvika fyrir tímabilið eftir 20. júní 2008. Verður því lagt til grundvallar að stefnanda hafi verið heimilt fyrir þetta tímabil að endurkrefja stefnda um vexti samkvæmt 1. málslið 4. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 18. gr. laganna eins og henni var breytt með 1. gr. laga nr. 151/2010.

C

Í málinu liggur fyrir að stefnandi var í skilum við stefnda með lán sitt frá 6. janúar 2006, að höfuðstól 160 milljónir króna, í tæplega tvö og hálfu ár eða nær helming lánstímans. Þá var stefnandi í skilum með lánið frá 15. maí 2006, að höfuðstól 30 milljónir króna, í rúmlega tvö ár og með lánið frá 22. janúar 2007, að höfuðstól 15 milljónir, í meira en eitt ár, en af öllum lánnum var greitt mánaðarlega, þ. á m. samningsvextir. Þegar lánin og afborganir af þeim eru virt í heild verður að fallast á að festa hafi verið í framkvæmd afborgana yfir umtalsverðan tíma og hafi þessar afborganir numið verulegu hlutfalli lánanna. Verður jafnframt að gera ráð fyrir því að stefnandi hafi á þessu tímabili fengið í hendur fullnaðarkvittanir fyrir hverri og einni greiðslu og hafi þannig mátt treysta því að hver og ein afborgun fæli í sér fullnaðargreiðslu samningsvaxta samkvæmt útsendum greiðsluseðlum.

Með vísan til fyrrgreindra fordæma Hæstaréttar verður að leggja til grundvallar að stefnandi hafi verið í góðri trú um lögmæti þeirra skuldbindinga sem hann hafði gengist undir gagnvart stefnda. Var misskilningur stefnanda um þetta atriði því afsakanlegur. Verður ekki á það fallist að stefnandi hafi haft slíka sérþekkingu á fjármálaviðskiptum eða verið í annarri slíkri stöðu gagnvart stefnda að þýðingu hafi við mat á væntingum hans í þessu efni. Hins vegar verður litið til þess að stefndi er fjármálafyrirtæki sem á lánamarkaði bauð viðskiptavinum sínum ýmis lánakjör og hafði allar forsendur til að ganga úr skugga um lögmæti þeirra við gerð staðlaðra samningsskilmála sinna.

Þegar allt framangreint er virt þykir það standa stefnda nær en stefnanda að bera þann vaxtamun sem hlaut af ólögmætri gengistryggingu þar til stefnandi hætti að greiða af lánnum sínum 20. júní 2008. Með vísan til ítrekaðra fordæma Hæstaréttar verður fyrrgreindum lögum nr. 151/2010, sem breyttu 18. gr. laga nr. 38/2001, ekki veitt afturvirk áhrif þannig að þessari niðurstöðu verði haggð.

Við aðalmeðferð málsins var því lýst yfir sameiginlega af hálfu málsaðila að viðbótarendurgreiðslukrafa stefnanda nemi 58.809.238 krónum við þær aðstæður að stefnda sé aðeins heimilt að endurreikna vexti samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 vegna greiðslna sem gjaldféllu eftir 20. júní 2008. Samkvæmt þessu er ekki uppi tölulegur ágreiningur um höfuðstól endurgreiðslukröfu stefnanda að fenginni

þessari niðurstöðu.

D

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 38/2001 skal því aðeins greiða almenna vexti af peningakröfu að það leiði af samningi, vensju eða lögum. Þá er einnig ljóst af ákvæðum 14. gr. laganna að verðtrygging kröfu verður að styðjast við heimild í samningi. Krafa stefnanda um að endurgreiðslukrafa hans beri vexti „samkvæmt kjörvaxtaflokki 1 hjá stefnda og sé verðtryggð með grunnvísitölu í júlí 2010, 365,3 stig, til greiðsludags“ styðst hvorki við samning aðila, né verður henni fundin stoð í 18. gr. laga nr. 38/2001 eða öðrum ákvæðum laga sem mæla fyrir um sérstakar heimildir til töku vaxta. Hið sama á við um varakröfu stefnanda þess efnis að endurgreiðslukrafa hans beri vexti samkvæmt 4. gr. laganna frá 20. júlí 2010 til þingfestingardags. Er krafa stefnanda um þessa vexti og verðtryggingu því haldlaus, en í málinu hefur því ekki verið hreyft að stefnandi kunni að eiga rétt á vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 eða fyrir löggjöfnun frá því ákvæði, sbr. einnig til hliðsjónar 1. mgr. 2. gr. laga nr. 29/1995 um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, eins og síðastnefndu lögum var breytt með 1. gr. laga nr. 131/2002.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 151/2010 sem breyttu téðri 18. gr. laga nr. 38/2001 bar stefnda skylda til þess að eiga frumkvæði að endurreikningi ólögmatra gengislána, svo sem þeirra sem um ræðir í máli þessu, og tilkynna hlutaðeigandi skuldara um endurútreikning. Fyrir liggur að stefndi tilkynnti stefnanda um endurútreikning 10. október 2011 eða röskum 10 mánuðum eftir að fyrrgreind lög nr. 151/2010 tóku gildi og tæplega 16 mánuðum eftir að dómur Hæstaréttar 16. júní 2010 í máli nr. 153/2010 hafði verið kveðinn upp. Samkvæmt stefnu var það þó ekki fyrr en eftir uppkvaðningu dóms Hæstaréttar 15. febrúar 2012 í máli nr. 600/2011 að stefnandi leitaði til stefnda um frekari leiðréttingu og hafði uppi þær efniskröfur sem mál þetta lýtur að. Í málinu liggur ekki fyrir að stefnandi hafi skorað á stefnda að greiða tiltekna viðbótarkröfu þannig að fullnægt hafi verið 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001. Hefur stefnandi og aðeins uppi kröfu um dráttarvexti frá þingfestingardeggi málsins. Með vísan til 4. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 verður fallist á kröfu stefnanda um dráttarvexti, en fullyrðingu stefnda um að heimild skorti til að krefja um dráttarvexti af kröfunni vegna sérákvæða 18. gr. laganna er hafnað.

Eftir úrslitum málsins verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda hluta málskostnaðar hans sem telst hæfilega ákveðinn 350.000 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu stefnanda flutti málið Elísabet Guðbjörnsdóttir hdl.

Af hálfu stefnda flutti málið Gunnar Viðar hdl.

Skúli Magnússon héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð**

Stefndi, Landsbankinn hf., greiði stefnanda, Hótel Húsavík ehf., 58.809.238 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og

verðtryggingu frá 25. september 2012 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 350.000 krónur í málskostnað.

Skúli Magnússon